

# Fundargerð háskólaráðs

309. fundur <sup>þjóristu</sup> daginn 28. október 2011  
í stofu 262, Borgum, kl. 12.30 – 15.30

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ólina Freysteinsdóttir verkefnistjóri RHA

---

Rektor kynnti dagskrá.

## 1. Fundargerð og mál til kynningar

1105444

Fundargerð 308. fundar var borin upp og samþykkt.

Rektor sagði frá gæðaráðstefnu í Reykjavík sem haldin var 18. október. Þar var kynnt gæðahandbókin Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education. Hún er gefin út af Quality Board sem er gæðaráð skipað erlendum sérfræðingum og er yfir Quality Council sem m.a. er skipað rektorum íslenskra háskóla. Sagði rektor frá gæðakerfinu. Skólaárið 2013-2014 mun fara fram viðurkenningarúttekt á HA á vegum Quality Board.

Gæðaráð HA mun skipuleggja innri úttektir háskólans sem eru undirbúningur fyrir viðurkenningarúttekt. Ákveðið var að fá gæðastjóra á fund háskólaráðs til að gera frekari grein fyrir því sem framundan er í gæðamálum.

Úttekt á kennslu og námi við lagadeild HA er lokið af hálfu menntamálaráðuneytisins og útkoman er góð.

## 2. Rekstraryfirlit janúar - september

"[málsnúmer]"

Úlfar útskýrði yfirlitið sem sýnir brúttótölur. Eftir er að færa tekjur á móti kostnaði á nokkrum rekstrarliðum.

Staða kennsludeilda er 557.068 mkr. og staða stoðþjónustu er 416.692 mkr.

Samtals eru það 973.760 mkr. eða 75.93% af viðmiði sem er 75%. Ef

kjarasamningsbundnar launahækkanir starfsfólks eru dregnar frá er staða háskólans 74.74% af áætlun. Staða stofnana og setra með eigin tekjur er 127.933 mkr.

Rekstur háskólans í heild stefnir í að verða í samræmi við áætlun í árslok en nauðsynlegt er að gæta ítrasta sparnaðar til að svo megi verða. Háskólaráð lýsti ánægju með það.

SS. sj  
VH. BS. DS

### **3. Rekstur - annað**

Stefnt er að því að rekstraráætlun HA fyrri árið 2012 verði tilbúin um miðjan nóvember. Reiknað er með að brúa þurfi um 50-60 mkr. bil milli tekna og gjalda. Ólafur gerði grein fyrir helstu hugmyndum um hvernig því verður náð. Lagði hann áherslu á nauðsyn þess að taka upp rannsóknamiðsíðu á árinu og var háskólaráð einhuga um það.

Háskólaráð ræddi um samstarf HA við fyrirtæki á atvinnumarkaði. Ráðið er þeirrar skoðunar að háskólinn eigi að leita eftir slíku samstarfi. Rætt var um hvaða reglur ættu að gilda um það, t.d. um styrkeitingar til háskólans frá samstarfsfyrirtækjum. Fram kom sú skoðun að þróunarsjóður við HA gæti verið æskilegur farvegur fyrir styrki frá samstarfsaðilum. Ákveðið var að rektor og framkvæmdastjóri ræddu við LÍÚ og Landsvirkjun um áframhaldandi samstarf við háskólann.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

### **4. Um rannsóknavirkni í HA**

*1111065*

Ólina Freysteinsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Ólina gerði grein fyrir rannsóknavirkni kennara við HA eins og hún kemur fram í vinnumatsgögnum, þ.e. fjölda birtinga ritrýndra greina á ári 2006-2010. Sýndi hún fram á að birtingum fjölgar á öllum fræðasviðum á tímabilinu. Ólina gerði grein fyrir ýmsum sundurliðunum svo sem fjölda ISI greina og tilvitnana sem skráðar eru á HA á tímabilinu og þeim fjölgar umtalsvert. Skýrði hún út hvaða ástæður eru líklegar til að hafa áhrif á tíðni birtinga. Fram kom að þeim tilvikum fer fækkandi að starfsmenn skili ekki inn gögnum til vinnumats.

Háskólaráð taldi ástæðu til að greina frá stíganda í rannsóknavirkni kennara á heimasíðu háskólans.

Rektor þakkaði Ólínú fyrir og fór hún af fundinum.

### **5. Skipun jafnréttisráðs**

*1108034*

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að skipun jafnréttisráðs HA 2011-2013

Jafnréttisráð skipa:

Hermann Óskarsson dósent,  
Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor,  
Fjóla Björk Jónsdóttir aðjúpantutor,  
Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi,  
Sveinn Þorkelsson nemi.

Til vara:

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir aðjúpantutor,  
Guðmundur Engilbertsson lektor,  
Kristinn P. Magnússon prófessor,  
Sæunn Mjöll Stefánsdóttir fulltrúi,  
Alfa Dröfn Jóhannsdóttir nemi.

Jafnréttisráð skiptir með sér verkum og kýs sér formann.

- 6. Tillaga að reglum um breytingar á reglum HA til samræmis við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 með áorðinni breytingu  
1111030, 1111031**
- Háskólaráð samþykkti reglur um breytingar á reglum um Háskólann á Akureyri nr 387/2009 með breytingu nr. 494/2011. Breytingin varðar skipun háskólaráðs og er í samræmi við breytingu á lög um opinbera háskóla sem gerð var árið 2010.

Háskólaráð samþykkti reglur um breytingar á reglum um háskólafund HA nr. 389/2009. Breytingin varðar kosningu fulltrúa starfsfólks við stjórnsýslu. Hún er gerð til að tryggja að allir starfsmenn við stjórnsýslu eigi kost á að kjósa/vera kjörnir fulltrúar á háskólafundi.

**7. Vísindaráð HA, staða mála**

"[málsnúmer]"

Rektor gerði grein fyrir hvernig Vísindaráð er skipað, skv. reglum nr. 1208/2007. Vísindaráð hafði umboð til 5. febrúar sl. Rektor skipar formann Vísindaráðs og gat hann þess að Sigríður Halldórsdóttir prófessor væri reiðubúin til að taka við formennsku af Sveinbirni Björnssyni prófessor sem óskar ekki eftir að halda áfram sem formaður.

Rektor sér til þess að skipun nýs Vísindaráðs verði undirbúin.

**8. Stefnunefnd HA 2012-2017**

1107008

Rektor sagði frá að stefnunefnd vinnur markvisst að stefnumótun næstu sex ára. Nokkrir vinnuhópar starfa með stefnunefnd og frá fræðasviðunum munu einnig koma gögn sem eru framlag til stefnumótunarinnar. Hug- og félagsvíssindasvið hefur þegar skilað inn slíkum gögnum.

**9. Önnur mál**

1111066 Reglur um Vinnumatssjóð HA endurskoðaðar 2011.

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðuðum reglum um Vinnumatssjóð HA sem Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA hefur tekið saman og haft um það samráð við Félag háskólakennara á Akureyri. Rektor kynnti reglurnar. Þær verða lagðar fram til samþykktar á næsta háskólaráðsfundi. Endurskoðaðar reglur munu taka gildi 1. janúar næstkomandi.

Rektor greindi frá að Hermína Gunnþórsdóttir var ráðin í 100% stöðu lektors í menntunarfræðum við kennaradeild. Vegna rannsóknastyrks sem hún hlaut og þarf að nýta varð að samkomulagi að hún gegni 25% stöðu næsta árið. Berglind Rós Magnúsdóttir er ráðin í 50% starf á meðan.

Hjörleifur lýsti áhyggjum af að umsókn um leyfi til að bjóða upp á doktorsnám skuli ekki hafa verið send inn. Rektor tók undir mikilvægi þess að HA fengi þessa heimild og sagði málið vera í vinnslu hjá samráðsnefnd um framhaldsnám í HA og í verkefnisstjórn opinberra háskóla þar sem stefnt væri að því að koma upp sameiginlegri Miðstöð framhaldsnáms. Samráðsnefnd um framhaldsnám mun leggja fram drög að umsókn í upphafi nýs árs. Rektor ítrekaði mikilvægi þess að umsóknin væri mjög vel undirbúin og uppfyllti öll skilyrði sem reglur krefjast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

Hjörleifur Gunn  
Hjörleifur Gunn

Björn Birna Svantbjörn  
Björn Birna Svantbjörn  
Björn Birna Svantbjörn  
Björn Birna Svantbjörn